

1069. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. október 2011 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Eyrún Ingadóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Pálmey H. Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkv.stj. og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Stefán Einar setti fund kl. 17:30

1. Kynning á þróun markaða (Fulltrúi Íslandsbanka)

Haraldur Gunnarsson og Halldóra Skúladóttir starfsmenn eignarstýringarþjónustu Íslandsbanka voru gestir fundarins og fóru yfir þróun á fjármálamörkuðum auk þess að fjalla um eignasafn VR og framtíðarhorfur. Haraldur sagði frá því að frá því í maí s.l. hafi lánshæfiseinkunnir víða verið lækkaðar t.d. hjá Grikklandi, Írlandi, Portúgal, USA, Japan, Spáni, Ítalíu og Nýja-Sjálandi. Veldur það óvissu á mörkuðum. Fór hann svo yfir stöðu sjúkrasjóðs VR. Erlend hlutabréf vögu um 31,8% af sjóðnum nú um mitt árið 2011. Seld voru erlend hlutabréf fyrir um 200 milljónir króna í byrjun ágúst og farið með um 80 milljónir í gjaldeyrisuppböð Seðlabanka Íslands þar sem félagið fékk í staðinn ríkisskuldabréf að verðmæti 105 milljónir króna. Einnig var fjárfest í stuttum erlendum ríkisskuldabréfum fyrir 115 milljónir króna.

Spurningin nú sé hvort minnka eigi enn frekar eignir í erlendum hlutabréfum.

Umræður.

Næst fóru þau Haraldur og Halldóra yfir uppbyggingu erlendra fjárfestinga í hlutabréfum og greiningu á erlendu eignasafni sem er c.a. 40% í USA, 43% í Evrópusambandinu og 17% í öðrum löndum. Síðan listuðu þau upp 12 stærstu fyrirtækin og fóru yfir töflu með ávöxtun erlendra hlutabréfa VR á árunum 2006 – 2011. Ýktar sveiflur í ávöxtun eru m.a. vegna sveiflna á íslensku krónunni. Næst sýndu þau þróun á gengi helstu gjaldmiðla og sést að íslenska krónan hefur veikst um 2,48% frá áramótum.

Loks ræddu þau það hvert stefnir á erlendum hlutabréfamörkuðum en mjög erfitt er að geta sér til um það hvað muni gerast. Fóru þau yfir valkosti okkar varðandi erlendar eignir – nokkrir möguleikar eru í stöðunni.

Umræður.

Helga dreifði næst skjalinu “Eignaflokkar VR og vægi hvers fyrir sig” og fór yfir innihald þess. Kom þar fram m.a. að þann 30.09 2011 eru um 85% eigna

VR í innlendum skuldabréfum, 2% í innlendum hlutabréfum, 2% í erlendum skulabréfum og 16% í erlendum hlutabréfum.

Að þessum dagsrárið loknum var gestunum þakkað fyrir og viku þau Halldór og Halldóra þvínæst af fundi.

2. Fundargerðir síðustu funda

Umfjöllun um fundargerðir funda nr. 1066, sem hafði verið frestað á síðasta fundi, og fundar nr. 1068.

Samþykkt og undirritað.

3. Skólakynningar VR

Stefán Einar dreifði skjalinu „Skólakynningar VR 2011 – 2012“ og sagði lauslega frá skólakynningum Samskipta- og þróunarsviðs VR.

Umræður.

4. Réttindi atvinnulausra hjá VR

a. Réttindaávinna. Stefán Einar lagði fram skjalið „Minnisblað til stjórnar“ dags. október 2011. Sneri það að réttindasköpun af greiðslum atvinnuleysisbóta hjá þeim sem ekki höfðu áður verið félagar í VR eða sem langt var um liðið að hafi greitt til okkar iðgjöld þegar þeir hefja að greiða til okkar af atvinnuleysisbótageiðslum.

Fór Stefán Einar yfir efni minnisblaðsins og urðu um það umræður.

Kom fram tillaga um að miða ætti við að veita þeim rétt að greiða til VR sem verið hafi fullgildir félagar einhverntíma á síðustu 5 árum. Fundarmenn voru á því að þetta væru góðar breytingar en ákveðið að skoða þetta áfram og taka ákvörðun á næsta fundi.

b. Styrkir og stuðningur félagsins. Helga sagði frá því að verkefni tengt stuðningi við atvinnuleitendur hafi verið með fjárhagsáætlun uppá 24 milljónir króna en við höfum ekki nýtt allt féð og standi nú c.a. 3,5 milljónir eftir.

Stefán Einar sagðist myndu boða vinnufund með sviðsstjórum þar sem yrðu mótaðar tillögur um hvernig við vinnum þetta áfram á næsta ári og yrði sú tillaga lögð fyrir næsta stjórnarfund.

Umræður.

5. Rannsóknarsetur verslunarinnar

Stefán Einar lagði fram skjölin „Til stjórnar VR“ dags. 8. september 2011 og „Samsstarfssamningur um rekstur Rannsóknarseturs verslunarinnar“ dags. 2. mars 2011. Rakti hann lauslega efni þessara skjala og kom fram að talið er mikilvægt að samningurinn verði a.m.k. til tveggja ára.

6. Styrkveitingar VR

a. Nýtt eyðublað. Stefán Einar kynnti nýtt eyðublað.

Nokkrar breytingatillögur komu fram sem voru samþykktar að mestu.

Eyðublaðið samþykkt með framkomnum breytingatillögum.

Hildur vék hér af fundi kl. 19:56

b. Styrkumsókn frá Neytendasamtökunum. Stefán Einar lagði fram skjalið „Umsókn til VR“ þar sem Neytendasamtökin óska eftir styrk uppá kr. 250.000.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. 1. maí 2012

Stefán Einar sagði frá undirbúningi fulltrúaráðs stéttarfélaganna vegna næstu 1. maí hátíðarhalda. Á þeim vettvangi hafði verið rætt um hvort sleppa eigi göngunni en það hlaut ekki undirtektir.
Umræður.

8. Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn

a. Heiðar Birnir Kristjánsson (e)	VÍS
b. Hörður Kristinsson (e)	Sláturfélag Íslands
c. Guðrún Þórisdóttir (e)	Guðmundur Jónasson ehf
d. Halldór Halldórsson (e)	Bókhald og uppgjör ehf
e. Ásta Magnea Sigmarsdóttir (e)	Hreyfill svf
f. Stefán Viðar Egilsson (e)	Tengi ehf
g. Birgitta Bjarnadóttir (n)	Egilsson ehf
h. Helga Jóhannsdóttir (n)	Húsasmiðjan Egilsstöðum
i. Kristján Ö. Ingibjörnsson (n)	Ó. Johnson & Kaaber
j. Malena Írisardóttir (n)	Next
k. Dána Símonardóttir (n)	Innes ehf
l. Tinna Harðardóttir (n)	Innes ehf
m. Finnbogi Albertsson (n)	Skýrr ehf
n. Guðrún H. Vilmundardóttir (n)	Skýrr ehf
o. Ellen Rós Baldvinsdóttir (n)	Alcoa Fjarðaál
p. Ólöf Gréta Hansdóttir (n)	N1

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:50

Árni Leósson, fundarritari